

Mánudaginn 8. mars 1993.

Nr. 211/1991. **Eyjólfur Bjarnason,  
Konráð Eyjólfsson,  
Örlygur Bjarnason,  
Ægir Bjarnason og  
Eyjólfur Eyjólfsson**  
persónulega og f.h. Túrþó sf.  
gegn  
**Stillingu hf.**

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 15. febrúar 1991. Mál þetta var þingfest í Hæstarétti 2. október 1991, og fengu áfrýjendur þá frest til febrúar 1992. Hafa þeir síðan fengið frest í málinu sex sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. mars sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskuðu áfrýjendur enn eftir fresti til aprílmánaðar. Af hálfu stefnda var frestbeiðninni mótmælt.

Hæstarétti hafa ekki borist dómsgerðir, ágrip og greinargerðir í máli þessu. Með bréfi lögmanns áfrýjenda 1. mars sl. var fallið frá kröfu um frekari frest í málinu. Samkvæmt því ber að fella mál þetta niður.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málskostnað, og verður hann ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

---